

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 08. júlí. 2010


**Málefni: umsókn um starfsleyfi.**

Með þessu bréfi er sótt um útvíkkað starfsleyfi fyrir starfsemi Hringrásar við Ægisnes 1 á Akureyri.

Meðfylgjandi er fylgiskjöl í samræmi við kvaðir 10.gr. reglugerðar 785/1999.

Ef frekari upplýsinga er þörf, vinsamlega hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst



---

Ásmund Einarsson  
Umhverfis- og gæðastjóri.



**Fylgiskjal með umsókn um útvíkkun starfsleyfis fyrir vinnslu á almennum úrgangi fyrir starfsemi Hringrásar á Akureyri, Ægisnesi 1, með tilvísun til 7.gr, reglugerðar 785/1999, laga nr. 55/2003, reglugerðar nr. 184/2003 reglugerðar nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 806/1999.**

(a) Lýsing á atvinnurekstri, umfangi og uppdrættir af staðsetningu.

Hringrás hefur gilt starfleyfi fyrir móttöku spilliefna og annars úrgangs á Akureyri. Nú hefur fyrirtækið áhuga á að útvíkka starfsemin og fá leyfi til þess að taka á móti almennum úrgangi til flokkunar og förgunar. Samkvæmt gildandi starfsleyfi hefur fyrirtækið leyfi til þess að taka við allt að 3900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, pökkunar og geymslu. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að taka á móti eru eftirfarandi:

Umfang starfseminnar

- a) 200 tonn af hvers kyns spilliefnum, þ.m.t. sprengifim efni, sóttmengaður úrgangur og raf- og rafeindatæki sem innihalda hættuleg efni.
- b) 3200 tonn af málmum, þ.m.t. úr sér gengin ökutæki sem innihalda vökva eða önnur hættuleg efni.
- c) 500 tonn af hjólbörðum.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð og einnig hverslags förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila.

Magni úrgangs sem geymdur er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal magnið aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal aldrei fara yfir 200 tonn hverju sinni.

Nú sækir fyrirtækið um að útvíkka starfsleyfið þannig að því verði heimilt að taka við allt að 20 þúsund tonnum af úrgangi til meðhöndlunar í viðbót við þann úrgang sem að fyrirtækið hefur heimild til að taka við í dag. Meðhöndlunin er fólgin í flokkun, umhleðslu, forvinnslu, böggun, pökkun og geymslu. Úrgangurinn er hættulítill úrgangur sem ekki flokkast sem spilliefni.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi flokkun á svæðinu:

Pappi og pappír verður flokkað frá, baggað og komið í endurvinnslu.

Plast verður flokka frá og komið til endurvinnslu.

Timbur ver flokka frá og ólitað er hakkað niður, einkum til nota í moltugerð.

Lífrænn úrgangur verður tekinn til moltuvinnslu.

Óflokkaður úrgangur fer til eyðingar hjá viðurkenndum móttökuaðila.

Reiknað er með að gefinn verði kostur á að koma með úrgang á söfnunarstöð þar sem viðskiptavinir geta sjálfir flokka efni í viðeigandi gáma. Aðallega er verið að þjóna fyrirtækjum á Akureyrarsvæðinu. Einnig verður móttökuhús þar sem tekið er við efni til flokkunar, umhleðslu, forvinnslu, böggunar, pökkunar og geymslu

Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna afstöðu lóðar og yfirlitsmyndir af skemmu og fyrirhuguðu skipulagi lóðarinnar. Gert er ráð fyrir að jafna niður mön sem að er á lóðinni og stækka vinnslusvæði lóðar þannig að lóðamörkum. Í tillögu, merkt A á uppdrætti er gert ráð fyrir að innkeyrsla sé inn í enda skemmunnar og útkeyrsla á hlið hennar ú á Ægisnes.

Verið er að kanna möguleika á leigu á á lóð merk 3 á meðfylgjandi uppdrætti fyrir gámastöð og færi þá stærsti hluti móttöku fram þar en ekki inn í skemmu.

#### (b) Deiliskipulag

Hjálagt er afrit af staðfestu Aðalskipulagi, 2005-2018, svæði merkt sem athafnasvæði og afrit af gildandi deiliskipulagi, samþykkt 24.júlí 2009. Á gildandi deiliskipulagi er lóðin merkt sem athafnasvæði í samræmi við skilgreiningu í Aðalskipulagi.

#### (c) Staðhættir á vinnustað

Móttaka brotamálma og spilliefna fer fram við innganginn á svæðið. Allt efni sem kemur inn á svæðið þar er skráð í móttöku- og birgðabókhald Hringrásar. Einnig er allt efna sem skráð sem flutt er út af svæðinu. Efni sem kemur inn með almennum úrgangi og fellur undir reglugerð nr. 184/2002 er flokkað frá og vigtað og skráð áður en það fer í vinnslu á vinnslusvæði fyrir spilliefni. Í móttökunni er gert ráð fyrir að öllum sem koma með annan úrgang en brotamálma og spilliefni verði vísað í móttökustöð fyrir almennan úrgang.

Sjá nánar á meðfylgjandi teikningu. Búið er að steypa plan í móttökunni og unnið er að endanlegri lokun annars yfirborðs á svæðinu. Svæðið er með frárennsli (lagnir) sem tengt er við olúgildru (sjá meðfylgjandi teikningar). Meðferð olúgildra er í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Það rými sem notað er fyrir flokkun spilliefna er tengt lokuðum tanki sem er tæmdur eftir þörfum. Hann er eingöngu hugsaður til þess að taka við leka ef óhöpp verða.

#### (d) Helstu hráefni og hjálparefni

Unnið verður í samræmi við stefnu stjórnvalda hvað varðar aukna endurnýtingu úrgangsefna. Hringrás mun markvist vinna að nýtingu úrgangs. Þar sem endurvinnsla-eða endurnýtingarmöguleiki er fyrir hendi verður úrgangi komið til skila í slíka vinnslu ef kostur er. Að öllu leyti verður farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru um starfsemi sem þessa.

Ekki þarf að nota nein hjálparefni við þessa vinnslu, önnur en olú og viðhaldsefni fyrir vinnslutæki.

Orkan sem notuð er á svæðinu er raforka og heitt vatn.

#### (e) Eðli og uppruni helstu mengunarvalda, lýsing á áhrifum

Hér í töflunni er stiklað á helstu mengunarvöldum sem eru á svæðinu og hugsanlegum áhrifum á losun út í umhverfið.

Efni	Hugsanleg losun	Afleiðingar losunar	Mengunarvarnir/ Athugasemdir
Ýmiss létt efni	Fok	Fyrst og fremst sjónræn mengun.	Efnið verðu að mestu flokkað og unnið innandyra. Þannig er komið í veg fyrir að pappír, plast og annað létt efni fjúki um. Einnig er lóðin afgirt svo að efni á ekki að fjúka út fyrir lóðina.
Ýmiss rokgjörn efni	lykt	Lyktarmengun, óþægindi fyrir nágranna	Efnið verðu unnið eins og hægt er jafn óðum til þess að dregið sé úr lyktarmengun eins og framast er unnt.
Mengað afrennslisvatn	Sigvatn frá sorpi	Mengað sigvatn kemst í jarðveg, fylgir lyktarmengun, sigvatn fer ómeðhöndlað í fráveitukerfi	Öll vinnsla er á lokuðu yfirborði. Sigvatn er leitt í sandfang og fer þaðan í gegnum olúgildri áður en því er veitt í fráveitukerfi Akureyrarbæjar.

(f) Mengunarvarnir og aðgerðir til að hindra losun.

Þegar er unnið í samræmi við gildandi starfsleyfiskröfur og allar mengunarvarnir eru til staðar. Allt frárennsli sem að fer af svæðinu rennur í gegnum olúgildrur, en tvær slíkar eru á svæðinu, 10 m<sup>3</sup>. Þriggja m<sup>3</sup> sandföng eru við báðar gildrur.

(g) Aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Hringrás vinnur að innleiðingu vottaðs umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við ISO 14001 staðalinn og einnig öryggisstjórnun í samræmi við kröfur OSHAS 18001. Öll viðbót við starfsemina verður tekinn inn í þessi kerfi og viðeigandi verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar og skráningar settar inn í kerfið. Í dag er unnið í samræmi við kvaðir gildandi starfsleyfis.

Leitast verður við að hafa athafnasvæði Hringrásar snyrtilegt. Það er girt af með öryggisgirðingu. Farið verður þannig með allan úrgang, að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem með foki, ryki, ólykt eða hávaða.

(h) Innra eftirlit og aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Hringrás hefur reglulegt eftirlit með umhverfis og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið, og skrár eru aðgengilegar eftirlitsaðila. Hringrás mun senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar í samræmi við kröfur starfsleyfis. Einnig færir Hringrás grænt bókhald.

(i) Aðgerðir til þess að draga úr úrgangsmýndun, ásamt endurnýtingu

Hringrás hefur útbúið viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggt er að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að

lútandi vera tiltækar. Útbúin hefur verið neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Hringrásar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar. Hringrás mun ábyrgjast og kosta framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

(j) Lýsing á tegund og magni úrgangs.

Í gildandi starfsleyfi er gert ráð fyrir Hringrás geti tekið á mót alls um 3900 tonnum á ári. Með þessar umsókn er þess farið á leit að leyfi verði gefið út til þess að taka á móti allt að 20 þúsund tonnum af blönduðum úrgangi.

(k) Lýsing á öðrum ráðstöfunum.

Starfsmenn Hringrásar taka þegar við ýmsum efnum sem að fylgja með þeim úrgangi sem skilað er til á athafnsvæði fyrirtækisins. Þessi úrgangur hefur verið flokkaður frá og ýmist komið í endurvinnslu eða fargað hjá til þess bærum aðilum. Það að útvíkka aðstöðuna er sjálfsögð viðbót við núverandi vinnslu auk þess sem aukin krafa á flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum kallar á nýja vinnsluhætti. Þá er aukin krafa frá fyrirtækjum um að móttökuaðilar geti veitt heildarlausnir fyrir fyrirtækin um allt er varða úrgangseyðingu.



Adalskipulag Akureyrar 2005 - 2018 - mkv. 1:10.000

Deiliskipulagstillaga þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. frá 18. desember 2008. Aftugæmsdæfestur var til 29. júní 2009.

var samþykkt í Skipulagsnefnd Akureyrar þann 29. júní 2009 og bæjarstjórn Akureyrar 11. júlí 2009.



Deiliskipulagið ólást glíði við auglýsingu um samþykki þess í B-deild Stjórnvalda 24. júlí 2009.

**Skýringar**

- Allt svæðið er skilgreint sem athafnasvæði
- Mörk vandræðislausa samkvæmt adalskipulagi
- Skipulagsmörk
- Kvæð um lagnir
- Löðufinur sem falla út vegna úrfæstu á Óbínsnesi
- Göngustígur/ gangaleit
- Löðumörk, löbri undir athafnasvæðinu
- Löðumörk, veitur
- Götur
- Byggingarleitir

- F2 Flatarmál löðar / fermetrum
- Löðunúmer
- Opit, óbyggt svæði
- Skráðar fornléifar

Vörnubúnaðarflótar miðast við lægsta gófi. Akureyrarbær leggur hvert lóð til eina innkeyrsu frá húsegðu.

Deiliskipulagsuppdætti þessum fylgir skýringarupplýsingar og greinargerð dags. desember 2008.

DEILISKIPULAG - mkv. 1:2000



**form**  
 VERKIS  
 VASKAHLAUGA 100B  
 101 REYKJAVÍK  
 TEL. 592 1000  
 FAX. 592 1001  
 WWW.VERKIS.IS

AKUREYRARBÆR	1
KROSSANESHAGI C AFANGI	
DEILISKIPULAG	






Stokkum númera-  
SÚDA



1508 (A1)	KJAULSÚR	08/07/2008
Ág. (Gætur) Sölguþing 731 (H. 300)	Alþjóðarmynd	
Ág. (Gætur) Sölguþing 731 (H. 300)	Ág. (Gætur) Sölguþing 731 (H. 300)	



Leiða  
Lámhögða í Skermtic

Skermtic í þessu  
áhræmum áfangi

1

3

ÖDINSNIGO

ZEGISNES

KROSSANESBRAUT

Fornleifareitur  
F=2484.0m²

F=24610.3m²

F=6932.6m²

F=13315.6m²

